

GJALDSKRÁ

Orkuveitu Reykjavíkur fyrir kalt vatn.

1. gr.

Vatnsgjald.

Vatnsgjald ársins 2012 og framvegis, þar til annað verður ákveðið, er reiknað skv. eftirfarandi reglu:

Vatnsgjald er 5.134,76 kr. fast gjald + 199,24 kr. á hvern m² miðað við hverja matseiningu skv. fasteignamati. Í Borgarnesi, Bifröst, Stykkishólmi, Grundarfirði, Gráborgarveitu*), Munaðarnesveitu*) og Úthlíðarveitu*) er fastagjald 5.858,65 kr. + 257,90 kr. á hvern m². Bílskúrar og sambærilegt húsnæði er undanþegið fastagjaldi. Heimilt er að fella niður fastagjald af húsnæði sem ekki er tengt vatnsveitu. Ekki er innheimt vatnsgjald af húsnæði utan dreifikerfis vatnsveitunnar. Vatnsgjald fer aldrei yfir 0,5% af fasteignamati. Vatnsgjald þetta er miðað við byggingarvísitölu í desember 2011 og uppfærast skv. henni í desember ár hvert.

*) Vatnsveitur í sumarhúsabygðum. Árleg vatnsgjöld skulu að lágmarki vera 27.526 kr.

Vatnsgjald innheimtist af Orkuveitu Reykjavíkur.

Orkuveitu Reykjavíkur er heimilt að gjaldfella álagningu ársins verði greiðslufall á einum eða fleiri reikningum álagningarinnar.

2. gr.

Notkunargjald vatns.

Notkunargjald þann 1. janúar 2012 er 26,93 kr./m³.

Fast gjald sem er háð stærð mælis:

Stærð mælis	Kr./dag
15 mm	32,05
20 mm	32,63
25 mm	42,01
32 mm	47,07
40 mm	56,65
50 mm	69,29
80 mm	181,34
≥ 100 mm	190,65

3. gr.

Heimæðargjöld.

Gjaldskráin miðast við að ídráttarrör fyrir heimæð hafi verið lagt á frostfríu dýpi frá tengistað OR við lóðarmörk, að tengistað (inntaksstað) mannvirkis og að lega og frágangur ídráttarrörsins hafi verið tekinn út og samþykktur af OR.

Þvermál inntaks:	32 mm	40 mm	50 mm	63 mm	75 mm	90 mm
Heimæðargjald kr.:	239.475	342.229	489.071	707.889	935.660	1.252.588

Heimæðargjald fyrir inntök > 90 mm er reiknað út hjá OR.

Gjöld miðast við byggingarvísitölu í janúar 2012 og uppfærast á 3ja mánaða fresti.

4. gr.
Gildistaka.

Gjaldskrá þessi sem er sett í samræmi við lög um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 og reglugerð um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005 öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1052/2010.

Reykjavík, 29. desember 2011.

F.h. Orkuveitu Reykjavíkur,
Skúli Skúlason, framkvæmdastjóri þjónustu.

B-deild – Útgáfud.: 30. desember 2011